



Félagstíðindi Blaðamannafélags Íslands, 2. tbl.,
24. apríl 1965

Bjarni Benediktsson – Forsætisráðherra – Blaðaútgáfa – Siðareglur – Jónas Kristjánsson – Indriði G. Þorsteinsson – H. Hauksson – Sigurður Friðþjófsson – Elías Jónsson – Eiður Guðnason – Sigfús Jónsson – Agnar Ólafsson – Eiður Bergmann – Sigurpáll Jónsson – Hrafn Þórisson – Unnar Stefánsson – Kristján Benediktsson – H.f. Árvakur – Blaðaútg. Vísir – Þjóðviljinn – Hilmir h.f. – Vikublaðið Fálkinn – Alþýðublaðið – Dagblaðið Tíminn

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnámálamaðurinn

Askja 2-32, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

FÉLAGSTÍÐINDI

Bláðamannafélags Íslands

2. tölublað - 24. apríl 1965

Eintök Félagstíðinda verða ekki nema tvö á þessu ári. En bæði eintökia taka að starð hinum fyrri fram og hefur því útgáfa aldrei verið meiri en í ár.

Færri eintök Félagstíðinda í ár koma og til af því að stjórnin hefur haft nánara samband við félagsmenn en endra nær, vegna tíðra almennra félagsfunda í sambandi við launásamningana á fyrra ári.

En það er von þessarar stjórnar að Félagstíðindin, sem hófu göngu sína í tíð fyrrverandi stjórnar, megi vaxa og eflast og verða tengiliður milli félagsmanna B.Í., eins og upphaflega var ætlast til.

Félagsmönnum er, af almennum fundum, kunnugt um flest það, sem stjórnin hefur fjallað um. Stjórnin fékk til tilnefningar félagsmanna tvo styrki. Annar var hinn venjulegi Finnlandsstyrkur, sem veittur er annað hvert ár. Var honum úthlutað til Margrétar Indriða-dóttur.

Hinn styrkurinn var þriggja manna ferð til Rússlands til endurgjalds fyrir heimboð B.Í. til fjögurra rússneskra bláðamanna í fyrra (sem þá var frestað til ársins 1966) Fimm sóttu um þann styrk. Stjórnin ræðði umsækjendum eftir starfsaldri og fyrri styrkveitingu og valdi Harald Hamar, Gunnar Bergmann og Sigurb A. Magnússon til forarinnar, en þar Friðu Björndóttur og Margrét B. Bjarnason til vara. Haraldur gat ekki farið er til kom og Friða ekki heldur og fóru þau Sigurbur, Gunnar og Margrét og var brottför þeirra áætluð í gær, 23. apríl. Hingað koma svo í sumar rússneskir bláðamenn og dvelja hér í viku tíma.

Pressuballið var haldið við góðan orðstý. Fór allt vel fram, nema framreiðala gekk heldur seint. En ballið var bláðamönnum í söma eins og formaður og gjaldkeri munu víkja að í skýrslum sínum.

Lög Blaðamannafélags Íslands
samþykkt á framhaldsaðalfundi í maí 1965

Nafn félagsins, heimili og tilgangur:

1.gr. Félagið heitir Blaðamannafélag Íslands (skammstafað B.Í.), heimilisfang Reykjavík.

2. gr. Tilgangur félagsins er að bæta aðstöðu blaðamanna til að gegna störfum sínum, vinna að bættum kjörum stéttarinnar og öðrum sameiginlegum áhuga- og nauðsynjamálum blaðamanna og blaðaútgefenda.

Félagar

3.gr. Félagar geta þeir einir orðið, sem eru fastir starfsmenn við íslensk dagblöð, vikublöð eða fréttastofnanir, enda sé blaðamennska eða fréttastarf aðalstarf þeirra og hafi verið um eins árs skeið, og enn fremur blaðaljósmyndarar, sem hafa að aðalvatvinnu að taka fréttamyndir fyrir íslensk blöð, enda séu þeir fastráðnir til þess og ekki meðlimir í öðru stéttarfélagi.

Skýlt skal stjórn félagsins að kynna sér inntökubeiðnir áður en þær eru lagðar fyrir almennan fund og kynna fundarmönnum hvaða álit hún hefur á inntökubeiðnunum.

4.gr. Beiðni um upptöku í félagið skal senda félagsstjórn skriflega og fylgi meðmáli tveggja félagsmanna. Stjórnin leggur upptökubeiðnina fyrir næsta fund og nægir einfaldur meirihluti fundarins til samþykktar eða synjunar.

5.gr. Félagsstjórn fær hverjum félagi ársskírteini með nafni hans, og er engum öðrum heimilt að nota það. Skírteinið sé jafnan endurnýjað ársbyrjun, hafi handhafi þá greitt félagsgjöld sín fyrir liðna árið. Sé skírteini misnotað má félagsstjórn svipta handhafa þess því um lengri eða skemmri tíma. Meðlimir félagsins kjósi sér trúnaðarmann á hverju blaði og tilkynni það til stjórnar félagsins.

6. grein. Félagsgjöld skulu ákveðið með samþykkt á aðalfundi hvert ár.

Aukafélagar og biðfélagar.

7. grein Aukafélagar eru fullgildir félagar og hafa öll réttindi og skyldur, nema atkvæðisrétt í kjaramálum. Þeir blaðamenn sem fullnægja

skilyrðum um aðalfélaga, geta gerzt aukafélagar, ef þeir óska. Þeir greiða fullt félagsgjald.

8. grein: Hætti félagi blaðamennsku eða fréttastarfi jafngildir það úrsögn hans úr félaginu, nema hann óski að starfa áfram sem biðfélagi. Nýir blaðamenn skulu og vera biðfélagar unz þeir fá full félagsréttindi. Biðfélagi á sæti á fundum félagsins með málfrelsi og tillögu-
rétti, ~~því þeir greiða gjöld~~ en nýtur ekki annara félagsréttina og hefur ekki áskirteini félagsins. Þó er félagsstjórn heimilt að veita biðfélögum, sem áður hafa verið aðalfélagar, öll félagsréttindi í ákveðinn tíma í sambandi við námskeið eða störf, er snerta starfesvið félagsmanna. Hefji biðfélagi, sem áður hefur verið aðalfélagi, blaðamennsku að nýja, fær hann þegar öll félagsréttindi. Biðfélagar greiða hálf félagsgjald.

Lífeyrissjóður

9. grein: Fullgildum félögum í Blaðamannafélagi Íslands, öðrum en ríkisstarfsmönnum, ber skylda til að vera félagar í lífeyrissjóði blaðamanna. Þeir, sem náð höfðu fimmtugsaldri um áramótin 1958-1959, eru þó undanþegnir þessari skyldu, svo og þeir, er síðar ganga í félagið í fyrsta sinn, komnir yfir þann aldur.

Stjórn félagsins er heimilt að fyrirskipa meðlimum þess að leggja niður vinnu hjá atvinnuveitanda, sem dregið hefur greiðsluskil í lífeyrissjóð eða Menningsarsjóð blaðamanna þrjá mánuði eða lengur. Þetta skal þó aðeins gert að beiðni stjórnar sjóðanna og stöðvunin tilkynnt með mánaðar fyrirvara.

Stjórn og siðareglunefnd:

10. grein: Í stjórn félagsins eru fimm menn, formaður, varaformaður, ritari gjaldkeri og meðstjórnandi, kosnir á aðalfundi til eins árs. Formaður skal kosinn fyrst og er kosning gild ef hann fær meirihluta atkvæða. Fáir ekkert formannsefni meirihluta greiddra atkvæða skal kosið aftur um þá tvo, sem flest atkvæði fengu, og er sá þeirra kosinn, sem fleiri atkvæði fær. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir sameiginlega og eru fjórir atkvæðahæstu réttkjörnir. Séu fleiri en einn í fjórða sæti skal kjósa aftur milli þeirra og hlýtur sá, eða þeir, sætið, sem flest atkvæði fær. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru

leyti en til formanns tekur.

Ennfremur skal kjósa þrjú þriggja manna siðareglunefnd úr hópi starfandi og fyrrverandi blaðamanna til tveggja ára í senn. Starf hennar skal vera að taka til meðferðar og fella úrskurði í þeim málum, sem henni ber að fjalla um samkvæmt þeim siðareglum, er Blaðamannafélag Íslands setur, en eftir þeim siðareglum ber félagsmönnum að fara í starfi sínu.

Fundir:

11. grein: Félagsstjórn boðar til funda eins oft og þörf þykir, bréflaga eða með tilkynningu í Reykjavíkurbliðunum. Skyld er að boða fund ef meirihluti félagsmanna æskir þess.

12. grein: Aðalfundur skal halda í marz ár hvert og boða með viku fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur, ef helmingur félagsmanna mætir. Sæki ekki svo margir fund er félagsstjórn heimilt að boða til aðalfundar að nýju með viku fyrirvara, og er sá aðalfundur lögmætur þótt ekki mæti helmingur félagsmanna.

Lagabreytingar:

13. grein: ~~Félagslögum~~ Félagslögum má ekki breyta nema á aðalfundi, og teljast lagabreytingarnar því aðeins samþykktar, að tveir þriðju fundarmanna greiði þeim atkvæði.

S I Ð A R E G L U R B L A Ð A M A N N A

Samþykktar á framhaldsaðalfundi 9. mí 1965

Í starfi sínu ber félögum Blaðamannafélags Íslands jafnan að hafa í huga eftirfarandi meginreglur um samskipti innbyrðis og við almenning:

I.

Bláðamaður leitast við að gera ekkert það, sem til vanvirðu má telja fyrir stétt hans eða stéttarfélag, blað eða fréttastofu. Honum ber að forðast hvað eina, sem rýrt geti álit almennings á blaðamennsku starri blaðamanns sem slíku, eða skert hagsmunir stéttarinnar. Bláðamaður skal jafnan sýna drengskap í skiptum sínum við starfsfélaga sína.

II.

Bláðamanni skal vera ljós persónuleg ábyrgð hans á öllu, sem hann skrifar. Honum ber að virða nauðsunlegan trúnað við heimildarmenn sína. Sama gildir um skjöl og önnur gögn, sem honum er trúnað fyrir. Hann skal forðast allt, sem valdið getur saklausu fólki, eða mönnum, sem eiga um sárt að binda, sársauka eða vanvirðu, og sýna svo sem kostur er tillitsemi í upplýsingaöflun sinni, úrvinnslu og framséiningu.

III.

Það telst alvarlegt brot þiggi blaðamaður mátur eða hafi í hótunum vegna birtingar efis, eða öfugt.

Í frásögnum af dóms- og refsimálum skulu blaðamenn virða þá meginreglu laga, að hver maður er talinn saklaus þar til sekt hans hefir verið sönnuð, jafnframt því sem þeir hafi í huga hvenær almennt öryggi borgaranna, stórfelldir hagsmunir almennings eða almannaheill krefst nafnbirtingar, áður en dómur er felldur í máli. Í þessu efni skal eitt yfir alla ganga.

V I Ð U R L Ö G

Hver sá, sem telur sig að blaðamaður hafi brotið framangreindar reglur og á hagsmunum að geta í málinu, getur þvert meint brot til Siðareglunefndar Blaðamannafélags Íslands. Nefndin skal taka keruna fyrir á fundi innan viku og kveða upp rökstuddan úrskurð svo fljótt sem kostur er á að lokinni nauðsynlegri gagnasöfnun og stöðgun.

Úrskurð Siðareglunefndar, ásamt rökstuðningi, skal birtur í félagsbréfi B.Í og verður honum ekki áfrýjað. Að öðru leyti er óheimilt að skýra frá málum sem þessum opinberlega.

Telji stjórn B.Í., að felldum úrskurði Siðareglunefndar, að brot blaðamanns á siðareglunum eitti að varða brottvísun úr félaginu um sinn eða fyrir fullt og allt, skal hún bera brottvísunartillögum undir félagsfund. Samþykkt félagsfundar verður ekki áfrýjað.

SAMNINGUR

um kaup og kjör gerður milli Blaðamanna Ólaga Íslands og útgefenda undirritaðra blaða í Reykjavík.

Undirritaðir aðilar, Blaðamannafélag Íslands og útgefendur í Reykjavík, gera með sér svohljóðandi samning varðandi kaup og kjör starfsmanna, sem eru félagar í B.Í.

1. gr.

Blaðmenn í Blaðamannafélagi Íslands taka lágrarkelaun í eftirtöldum la naflokkum:

<u>1. fl.</u>	Eftir eins árs reynslutíma	kr. 10.320.-	
	vaktaálag	" 1.400.-	
	Heildarlaun	kr 11.720.-	
	Eftir eitt ár þaðan í frá	kr. 10.724.-	
	vaktaálag	" 1.400.-	
	Heildarlaun	kr 12.124.-	

<u>2. fl.</u>	<u>Eftir 2 ár í B.Í.,</u>	<u>5 ár í B.Í.,</u>	<u>9 ár í B.Í.,</u>	<u>14 ár í B.Í.</u>
	kr 11.162.-	kr 11.601.-	kr. 12.064.-	kr 12.500.-
Vaktaálag	" 1.500.-	" 1.500.-	" 1.500.-	" 1.500.-
Heildarl.	" 12.662.-	" 13.101.-	" 13.564.-	" 14.000.-

<u>3. fl.</u>	Byrjunarl.	eftir 1 ár,	eftir 3 ár,	eftir 6 ár,	10 ár	15 ár
	11.162.-	11.601.-	12.064.-	12.550.-	13.049.-	13.500.-
Vaktál.	1.600.-	1.600.-	1.600.-	1.600.-	1.600.-	1.600.-
Heild	12.762.-	13.201.-	13.664.-	14.150.-	14.649.-	15.100.-

<u>4. fl.</u>	Byrjunarl.,	eftir 1 ár,	eftir 3 ár,	eftir 6 ár,	eftir 10 ár
	12.419.-	13.108.-	13.832.-	14.591.-	15.370.-
Vaktaálag	1.700.-	1.700.-	1.700.-	1.700.-	1.700.-
Heildarl	14119.-	14.808.-	15.532.-	16.291.-	17.070.-

Laun þessi greiðast fyrirfram 1. vaktar dag hveit má. Öðr Flytj blaðamenn milli blaða, skulu þeir halda launsgreiðslum í samræmi við starfsaldur sinn í blaðamennsku

2. gr.

Laun samkv. 1. flokki	taka byrjendur í starfi.
" " 2. " "	almennir blaðamenn
" " 3. " "	blaðamenn, sem annast verkstjórn eða hafa að öðru leyti sérstaka ábyrgð í starfi.
" " 4. " "	fréttaritstjórar og ritstjórnarfulltrúar.

Ritstjórar hafa ekki sérstakan texta, en gert er ráð fyrir, að laun þeirra séu minnst 8% hærri en 4. tæxti.

3. gr.

1) Vinnutími blaðamanna skal vera 42 klst á viku.

2) Nú vinnur blaðamaður meira en 42 stundir á viku að meðaltali í fjórar vikur samfellt, og skal hann þá fá frí sem svarar til þess stundafjölda, sem hann hefur unnið fram yfir greindan vinnutíma, eftir samkomulagi á næsta 4ra vikna tímabili. Ef bæði útgefandi og viðkomandi blaðamaður óska þess, er þeim þó heimilt að senja sín á milli um greiðslu fyrir þann vinnutíma, sem umfram er og skal þá greiða sem svarar 1/181 hluta af mánaðarkaupi blaðamannsins fyrir hverja vinnustund, sem unnin er umfram 42 stundir að meðaltali nefndar fjórar vikur. Slíkt skal þó einungis gert í undantekningartilfellum, en reglan vera sú, að frí sé gefið, ef unnið er fram yfir framangreindan vinnutíma, og ber blaðamönnum að ganga eftir því að þeir fái þau frí, sem þeir eiga rétt á, og geta þeir ekki vaxt þess að fá slíkan umframtíma greiddan, ef um ítrekaða vanrækslu er að ræða á að þeir gangi eftir fríum sínum.

3) Vinni blaðamaður verulega skemur en 42 stundir á viku að meðaltali í fjórar vikur, á útgefandi heimingu á því, að hann vinni af sér mismuninn á næsta fjöggra vikna tímabili.

4) Ef lögskipaðir eða samningsbundnir frídagar falla á aðra daga en sunnudaga, skal tillit taka til þess, þannig að venjulegum vinnutíma þess dags, ef ekki hefði verið um frídag að ræða, skal bætt við vinnutímann þá viku. Skal venjulegur meðalvinnutími þá taljast 7 1/2 stund, aðra daga en laugardaga, en 4 1/2 stund á laugardögum. Á sama hátt skal fara um veikindadaga, sem blaðamenn fá greidda og sumarleyfisdaga, samkvæmt samningum á hverjum tíma.

5) Sé blaðamaður sendur í ferðalög á vegum blaðsins, skal vinnutími hans teljast 7 1/2 stund á dag þá rúnhelga daga, sem hann er burtu, aðra en laugardaga, en 4 1/2 stund á laugardögum, nema sönnur séu ferðar á, að eiginlegur vinnutími hafi í rauninni verið lengri. Ef blaðamaður er á samfellið ferðalagi án naturgistingar, skal allur sá tími, er hann var til ferðarinnar, talinn vinnutími.

6) Óski útgefendur þess, er blaðamönnum skylt að gera grein fyrir vinnutíma sínum, t.d. á þann hátt, sem gert hefur verið að undanförmu á nokkrum dagblöðum, að menn fylla daglega út skýrslur, þar sem gerð er grein fyrir hverri unninni klukkustund og trúnaðarmenn útgefenda staðfesta.

4. gr.

Útgefendur greiða hálfri afnotagjaldi af heimasíma blaðamanna, er við blöð þeirra vinna. Þó skulu þeir greiða að fullu afnotagjald ritstjóra, fulltrúa ritstjóra og fréttastjóra.

5. gr.

Útgefendur greiða eitt prósent af launum þeirra blaðamanna, er hjá þeim vinna, í Menningarssjóð Blaðamannafélags Íslands, miðað við launaflokkka 1.-4. í 1. gr.

6. gr.

Almennir helgidagar og frídagar (þar með taldir þeir frídagar, sem ~~er~~ Hið ísl. prentarafélag hefur samið eða semur um) skeru ekki hið fasta kaup.

7. gr.

Sumarleyfi blaðamanna sé minnst 21 virkir dagar á ári, sem fyrir þá sem unnið hafi 5 ár að blaðamennsku, þá sé það 24 virkir dagar og fyrir þá, sem unnið hafi 10 ár eða lengur, sé það 27 virkir dagar. Blaðmaður sem unnið hafi óskilið 5 ár hjá sama blaði skulu að oknu 5 ára starfi og síðan fimmta hvert ár, lá þriggja mánaða frjála fulla launna og skal þar innifalið sumarleyfi ársins, enda noti þeir það til utánfarar eða á annan hátt í samráði við útgefendur í því skyni að auka hæfni sína í starfi og skrifi þeir greinar í blöð sín eftir samkomulagi. Samkomulag við útgefendur skal ráða hvenær árs slök frjá eru tekin og er útgefendum ekki skylt að veita nema einum blaðamanni frá hverju blaði slátt leyfi samtímis. Samkomulag skal einnig ráða um það, hvenær sumars venjuleg sumarleyfi eru tekin. Segi blaðamaður upp starfi, fellur niður réttur hans til þriggja mánaða leyfis. Sé hins vegar blaðamanni sagt upp starfi, ber blaðinu að greiða honum það, sem hann á inni af unnaðu frjá.

8. gr.

Veikist blaðamaður langvarandi á hann rétt á fullum launum í 3 mánuði og hálfum launum í næstu 3 mánuði þar á eftir, haldist veikind. Blaðamaður sem unnið hefur 10 ár eða lengur, á rétt á 4ra mánaða launum og hálfum launum aðra 4 mánuði, haldist veikindin.

9. gr.

Blaðautgefendur greiða í Lífeyrissjóð Blaðamannafélags Íslands 6% af fóstun útbeygðum launum blaðamanna, er hjá þeim vinna, og sjóðfróðagrar sjálfir 4% af sínum launum. Greiðslur til sjóðsins skulu miðaðar við laun samkvæmt 2. launaflokki samnings þessa, 1.133.

10. gr.

Boðsferðir á vegum blaðanna dragast ekki frá fríum

11. gr.

Ferðatrygging sé greidd af blöðunum.

11
12. gr.

Stjórn Blaðamannafélags Íslands er heimilt að fyrirskipa meðlimum þess að leggja niður vinnu hjá vinnuveitanda, sem dregið hefur greiðsnið skil í Lífeyrissjóð eða Menningarsjóð blaðamanna í þrjú mánuði eða lengur. Þetta skal þó aðeins gert að beiðni stjórnar sjóðanna og stöðvunin tilkynnt með mánaðarfyrirvara.

13. gr.

Samningur þessi gildir frá 1. nóvember 1965 til 1. nóv 1966, og er uppsegjanlegur með þriggja mánaða fyrirvara af beggja hálfu. Verði honum ekki sagt upp, framlengist hann um eitt ár með sama uppsagnarfrestni.

14. gr.

Verði breyting gerð á lögskráðu gengi krónunnar er samningurinn uppsegjanlegur með eins mánaðar fyrirvara miðað við mánaðamót.

Þessu til staðfestingar rita aðilar nöfn sín undir samningnum í tveim samhljóða ~~skrá~~ eintökum.

Reykjavík 3. desember 1965

F.h. Blaðamannafél. Íslands

F.h. útgefenda

Jónas Kristjánsson (sign)
Indriði G. Þorsteinsson (sign)
H. Hauksson (sign)
Sigurður Friðþjófsson (sign)
Eliás Jónsson (sign)
Eiður Guðnason (sign)

H.f. Árvékur
Sigfús Jónsson (sign)
Blaðautg. Vísis h.f.
Agnar Ólafsson (sign)
F.h. Þjóðviljans
Eiður Bergmann (sign)
F.h. Hilmis h.f.
Sigurpáll Jónsson (sign)
Vikublaðið Fálkinn h.f.
Hrafn Þórisson (sign)
F.h. Alþýðublaðsins
Unnar Stefánsson (sign)
F.h. Dagbl. Tíminn
Kristján Benediktsson (sign)